



Dalvíkurskóli Skólaárið 2023-24

Haustfundur með foreldrum

Dagskrá

- Upplýsingar um skólastarfið
- Velferð og líðan
- Breyttir starfs- og kennsluhættir
- Skýr mörk
- Samskipti
- Uppbyggingarstefnan
- Skólahjúkrunarfræðingur
- Vinnutími kennara
- Símalaus skóli



Upplýsingar um skólastarfið


- Nemendur skólans: 232
- Starfsmenn: 45
- Frístund: 24 nemendur, þrír starfsmenn
- Nemendur með annað móðurmál en íslensku um 26%
- Skólinn opnar kl. 7:45 á morgnana
- Veikindi er hægt að skrá í gegnum Mentor, með tölvupósti til ritara eða hringja að morgni
- Leyfi – 1-2 dagar, umsjónarkennari, 3 dagar eða fleiri er sótt um í gegnum heimasíðu

Þekking og
færni –
Virðing og
vellíðan

- Velferð og líðan
- Samvera með foreldrum
- Svefn og næring
- Skjátími



Breyttir starfs- og kennsluhættir - Markmið

- Teymiskennsla
 - Nýta þekkingu og færni okkar í teymiskennslu
 - Sameiginlegur undirbúningur
 - Mínir og þínir nemendur verða okkar nemendur
 - Stöðvavinna, samvinnuverkefni, áhugasviðsverkefni, samþætting námsgreina
- 

Teymiskennsla

Þættir teymiskennslu	Hvað er teymiskennsla	Ekki teymiskennsla
Tveir eða fleiri kennarar og aðrir starfsmenn	Þar starfa saman a.m.k. tveir faglærðir kennarar sem eru faglegir jafningjar og geta því verið virkir samstarfsaðilar í kennslunni. Unnið er í samræmi við námskrár en kennsla og nám aðlöguð að mismunandi þörfum, áhuga og getu nemenda (Fennick, 2021).	Þar starfa saman einn faglærður kennari ásamt ófaglærðu starfsfólki sem sinnir stuðningi sem koma ekki að faglegum undirbúningi og sinna því ekki hlutverki kennara. Þetta starfsfólk sinnir mikilvægu hlutverki í kennslurýminu en geta aldrei sinnt hlutverki fagmenntaðs kennara (Friend, 2003).
Sameiginleg kennsla	Þar samhæfa kennarar störf sín og tryggja að báðir eða allir séu virkir í námi og kennslu. Þeir tryggja að allir nemendur njóti kennslu og aðferðir sem notaðar eru til að tryggja það, eru ekki mögulegar ef aðeins einn kennari er í kennslurýminu (Austin, 2001; Gately & Gately, 2001).	Þar eru tveir eða fleiri fullorðnir á sama tíma í kennslurýminu. Þar undirbýr kennarinn og kennir á meðan stuðningsaðilarnir ganga á milli nemenda og aðstoða þá (Murawski, 2002).
Fjölbreyttur hópur nemenda	Gerir kennurum kleift að mæta mismunandi áhuga, getu og þörfum nemenda á markvissan hátt. Eykur líkur á því að kennslurýminu sé til staðar fjölbreytt sérþekking sem getur komið til móts við fjölbreyttan hóp nemenda (Hourcade & Bauwens, 2001).	Þar eru nemendur flokkaðir eftir getu og nemendur með sérþarfir hafðir á afmörkuðu svæði í kennslurýminu eða í séraðstöðu (Friend, 2003).
Sameiginlegt kennslu- og námsrými	Kennarar kenna saman í sameiginlegu rými. Þó að það sé stundum farið með minni hópa í sérstök rými tímabundið vegna sérstakra verkefna fer kennsla og nám að mestu fram í sameiginlegu rými (Friend, 2003).	Þar sem kennarar undirbúa kennslu saman en eru svo með nemendur aðskilda í rýmum þar sem hver kennir sínum hópi (Trump, 1966, Geen, 1985).

Markmið veturinn 2023-2024


Uppbyggingar-
stefnan

Hvaða árangur viljum við sjá?



The illustration features a woman on the left with her hand to her forehead in a thoughtful pose. On the right, a target with three arrows hitting the bullseye is shown. The background is a light blue sky with white clouds.

- > Grunnstoðirnar verði betri
- > Við vinnum saman sem heild
- > Starfið litast af uppbyggingu



Traustur grunnur - allir leggja
eitthvað til vinnunnar



SKÝR MÖRK

Í Dalvíkurskóla samþykkjum við ekki

- Líkamlegt og andlegt ofbeldi
- Visvitandi skemmdarverk
- Notkun barefla og annarra vopna
- Ógnanir eða ögranir við starfsmenn skólans
- Fíkniefni, áfengi eða tóbak í neinu formi



Mitt hlutverk í Dalvíkurskóla er að:

Koma fram af kurteisi og virðingu

Mæta á réttum tíma í kennslustundir

Sinna námi mínu eins vel og ég get

Virða rétt annarra

Virða eigur mínar, skólans og annarra



Hvernig aðstoðum við nemendur í hegðunarvanda

Verði starfsmaður vitni að óæskilegri hegðun ber honum að taka á málinu á staðnum og láta umsjónarkennara vita samdægurs sem kemur málinu í viðeigandi farveg.

Ef nemandi brýtur ófrávíkjanlega reglu (lögprot)

Stjórnendur taka við málinu í samstarfi við umsjónarkennara

Stjórnendur hafa strax samband við foreldra þeirra sem að málinu koma, bæði þolenda og gerenda ef við á. Foreldri sækir barn sitt í skólann eða klárar skóladaginn með því. Stjórnendur, foreldrar, nemandi og umsjónarkennari funda og leita lausna eins fljótt og auðið er, eigi síðar en þremur virkum dögum eftir atvik.

Vísað í stoðteymi/nemendaverndarráð

Mál rætt í stoðteymi og vísað í nemendaverndarráð, ef talin er þörf á því, með upplýstu samþykki foreldra. Nemendaverndarráð/stoðteymi gerir áætlun um aðgerðir samkvæmt stefnu skólans:

- Leitað til sérfræðinga innan skólans.
- Tilvísun send til sérfræðinga utan skóla.
- Barnavernd.

Umsjónarkennari ræðir við nemandann.

Sýni nemandinn óæskilega hegðun fær hann tækifæri til að róa sig niður og síðan er rætt við hann um að bæta hegðun sína. Notast er við verkfæri uppbyggingastefnunnar.

Bekkjarstjórnun og skipulag

Fara yfir bekkjarstjórnun, uppröðun í stofu og skipulag í kringum nemandann á teymisfundum.

Nám við hæfi

Skoða hvort nemandinn sé með verkefni við hæfi og hvort hægt sé að mæta þörfum hans betur. Samráð við stoðteymi.

Aðstæður utan skóla

Umsjónarkennari kannar hjá fjölskyldu nemandans hvort aðstæður í umhverfi hans geti haft áhrif á hegðun og líðan.

Virgni og samskiptaathugun

Athugun gerð á virgni nemandans og samskipti hans við starfsmenn og aðra nemendur, framkvæmd af teymisfélagi, stoðteymi, stjórnanda eða öðrum innan eða utan skóla.

Símtal eða tölvupóstur til foreldra

Haldi óæskileg hegðun áfram er leitað lausna með foreldrum og nemanda.

Fundað með foreldrum/nemanda og gerð áætlun um aðgerðir

Dæmi:

- Skriflegur texti um hegðun og vinnu.
- Samningur við foreldra um aðkomu þeirra að málinu.
- Samskiptabók milli heimilis og skóla.
- Tilvísun í stoðteymi.
- Mitt og þitt hlutverk.
- Tékk inn/út.

Niðurstöður skráðar í Mentor.

Úrræðaleit utan skóla

Samskipti

- Við skólann starfar samskipta- og eineltisteymi
- Öll gögn eru að finna á heimasíðunni <https://www.dalvikurbyggd.is/dalvikurskoli/s tudningur/eineltisteymi>

Eineltishringurinn

Viðbragðsmynstur í eineltisaðstæðum



Byrjandi

Á sjálfur frumkvæði að eineltinu og tekur þátt



Meðhlaupari/handlangari

Er virkur þátttakandi en á ekki frumkvæði



Stuðningsaðili/óvirkur gerandi

Styður eineltið en er ekki virkur þátttakandi



Óvirkur stuðningsaðili/hugsanlegur gerandi

Er samþykkur eineltinu en styður það ekki sýnilega



Hlutfaus áhorfandi

Sér hvað gerist en skiptir sér ekki af



Polandi



Verndari

Er á móti eineltinu og hjópar eða reynir að hjálpa polanda



Hugsanlegur verndari

Er á móti eineltinu og finnst hún/hann ætti að hjálpa – en gerir það ekki



Skólahjúkrunar- fræðingur

- Alla þriðjudaga frá 8:00-16:00 og annan hvern mánudag frá 8:00-12:00
- Heilsuvernd skólabarna
- Skimanir, viðtöl um lífsstíl og líðan, bólusetningar og fræðsla
- Forvarnir og heilsuefling
- Ráðgjöf til foreldra
- Ráðgjöf til starfsfólks
- Situr í nemendaverndarráði



Vinnutími kennara

- Vinnutími kennara er 8:00-16:00
- Ekki er ætlast til að kennarar svari fyrirspurnum eftir það
- Kvöld og helgar eru frítími kennara
- Ætlast er til þess að foreldrar nái á kennurum gegnum tölvupóst eða með því að hringja í skólann



Símalaus skóli

- Farsímar eru ekki leyfðir í Dalvíkurskóla.
- Ef nemendur brjóta þá reglu fer síminn til ritara og foreldri þarf að sækja símann þangað milli 8:00-16:00.
- Ritari tekur að sér að geyma síma ef börnin þurfa að einhverjum ástæðum að koma með síma í skólann.
- Ef upplýsingar þurfa að komast áleiðis til nemenda þá er hægt að hringja í ritara og við komum upplýsingum áleiðis.